



Fundargerð

175. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, mánudaginn 22.september 2014 kl. 17:30.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Karl Lauritzson, Þorvaldur P. Hjarðar, Ruth Magnúsdóttir og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Skúli Björnsson og Gunnhildur Ingvarsdóttir

Dagskrá:

1. Kyndistöð Hallormsstað
2. Innkomin erindi til upplýsinga
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár.

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Kyndistöð Hallormsstað

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að leitað hefur verið til Skógarorku ehf. vegna fyrirhugaðra kaupa á kurlara sem nýtast myndi m.a. við kyndistöð á Hallormsstað. Áætlaður kostnaður er um 18 milljónir króna. Léleg gæði kurla hafa valdið dýru viðhaldi á katli kyndistöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins og Héraðsskógar leggi fram samtals 12 milljónir. Einnig er áformað að Félag Skógarbænda komi að þessari fjárfestingu og e.t.v. fleiri aðilar. Stjórn samþykkir að ábyrgjast lán til Skógarorku ehf. til fyrirgreiðslu á kurla, vegna kaupa á kurlara. Framkvæmdastjóri leiti samþykki stjórnarmanna þegar endanleg fjárhæð liggur fyrir.

Rætt um viðhaldspörf nú í haust við kyndistöðina. Komið er að stórri viðhaldsskoðun á katlinum.

2. Innkomin erindi til upplýsinga

a) Lagt fram erindi til stjórnar HEF ehf., dags. 15. ágúst 2014, umsókn um hitaveitu frá íbúum á Hafrafelli. Erindið er í vinnslu og verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.



b) Lagður fram tölvupóstur frá Birni Sveinssyni útibússtjóra Verkís á Egilsstöðum til framkvæmdastjóra HEF, bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa, dags. 16. september 2014, varðandi kaup sveitarfélagsins á verkfræðipjónustu, almenn eftirgrennslan um fyrirhugaðar framkvæmdir og minnt á þá fjölþættu þjónustu sem Verkís býður upp á.

Stjórn HEF ehf. þakkar erindið, en bendir á að framkvæmdaáætlun félagsins er í endurskoðun í tengslum við átta mánaða uppgjör sem nú er í vinnslu.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur.
- b) Framkvæmdastjóri ræddi þörf á endurnýjun kaldavatnslaganar yfir Lagarfljótsbrú og þverun á hringvegi 1.
- c) Lögð fram gögn um vettvangsskoðun vegna framkvæmda við göngustíga og stofnlagnir í Fellabæ.
- d) Lögð fram samantekt frá Raftákni ehf. á efni og vinnu við uppfærslu stýribúnaðar á Urriðavatni. Guðbjörg spurði um stefnu HEF ehf. vegna kaupa á efni. Hún kom inná að eðlilegt væri að ef kostnaður við efni er yfir 50.000 kr. er hagstæðara að HEF ehf. kaupi efnið sjálfir.

4. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd að breytingu á lagnaleið yfir Egilsstaðanes, sem hann telur vera hagkvæmari kost fyrir veituna.
- b) Næsti fundur stjórnar er fimmtudaginn 9. október kl. 17:30

Fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 20:02

Fundargerð ritaði Ruth Magnúsdóttir